SAMORKA
Samtök raforku-, hita- og vatnsveitna

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/228
komudagur 29.11.2005

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2005

**Umsögn um: Frv. til laga um upplýsingarétt um umhverfismál, 221. mál, EES reglur.**

Samorka hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál, 221. mál, EES-reglur.

Gerðar er eftirfarandi umsögn:

**2. gr. 3. tölul.**
Æskilegt er að kveðið sé skýrar á um þá skilgreiningu að hér sé einvörðungu átt við aðila sem hafa á hendi hlutverk eða þjónustu sem talist geti til opinberrar stjórnsýslu. Eins og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins um 2. gr.

**6. gr. 2. mgr.**
Upplýsingar um umhverfismál geta varðað viðskipti í samkeppnisumhverfi og þurfa því að meðhöndlast af fullum trúnaði. Nauðsynlegt er að áður en stjórnvald tekur ákvörðun um aðgang að upplýsingum, verði leitað eftir því við viðkomandi fyrirtæki hvort um viðskiptaupplýsingar sé að ræða sem leyndar eiga að njóta. Lagt er til að stað fastar sé kveðið á um skyldu stjórnvalds með því að breyta þar sem sagt er: **"getur það skorað"** og í stað þess segja **"skal það skora"**.

Virðingarfyllst

Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri

Federation of Icelandic Energy & Waterworks
Suðurlandsbraut 48
IS 108 Reykjavík
Sími (phone): (+354) 588 4430
Fax: (+354) 588 4431
Netfang / e-mail: samorka@samorka.is
Kennitala / Id.nr.: 460395-2679